

Hanna Björk forkona í KÍ og kvenfrelsunarfræðsla í skólum

Hér er að finna viðtal við Hönnu Björk Vilhjálmsdóttur, forkonu síðanefndar Kennarasambands Íslands, forvígismann kyn- jafnréttisfræðslu (les: kynfrelsunarfræða) í Borgarholtsskóla og nefndarmann í nefnd, skipaðri af Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra, til að endurskoða námsefni og námstilhögun í kynjafræðum (gender studies) í íslenska skólakerfinu.

Nú er svo komið, að nemendur verða að ljúka námi í kynjafræði hjá Hönnu til að geta orðið bifvélavirkjar og rafvirkjar. Það er jafnan svo, þegar fólk af sama sauðahúsi og Hanna Björk opnar munninn um jafnrétti, á það við jafnrétti í skilningi kvenfrelsunarfræða. Grundvöllur þeirra fræða er eins og flestir munu vita, kennisetningin um „feðraveldið“ eða illsku karla, sem kúga konur og gera þeim allt til foráttu. Einn nemenda hennar skrifaði fróðlega grein í dagblað fyrir nokkrum árum síðan um það, hvernig augu hans hefðu opnast fyrir þessari „staðreynd.“ Samkvæmt orðum Hönnu endurtekur sagan sig. Mæður hlaða hana lofi. Þær hafa nú betri stjórn á sonunum.

Í mars síðastliðnum skrifaði umrædd Hanna, ásjóna KÍ út- og innávið, grein með titlinum, „Hreyfiaflið er í skólastofunni.“ Þar segir hún m.a.:

„Lagalegt jafnrétti ríkir á Íslandi en engu að síður horfumst við í augu við kynjamisrétti á flestum sviðum samfélagsins og vísbendingar eru um bakslag í baráttunni. ...

Jafnréttissjónarmið verða að vera eðlilegur og sjálfsgæður hluti af öllu skólastarfi og lífi nemenda og til þess að það gerist þarf allt starfsfólk skóla að búa yfir jafnréttisnæmi. Jafnréttisnæmi er grundvallarþekking á stöðu kynjanna í samfélaginu, þjálfun og hæfni í að grípa til aðgerða í skólastofu þegar neikvæð orðræða um kyn ber á góma, greining kennsluefnis með tilliti til kynjasjónarmiða og meðvitund um kynjuð samskipti kennara og nemenda. Jafnréttisnæmi hefur það að markmiði að stuðla að betra samfélagi með því að fá nemendur, kennara og starfsfólk skóla til að horfa á jafnrétti frá öllum hliðum, innleiða jafnréttishugsun í allt skólastarf og líf nemenda og kennara. Útskrifaðir nemendur munu líta á jafnrétti sem sjálfsgæð lífsgæði og réttindi allra og lifa samkvæmt því. ...

Aðkeypt fræðsla er algeng í skólum. Mikilvægt er að þekkja vel aðferðafræði og málflutning þeirra, sem keyptir eru til að uppfæra nemendur um jafnrétti, kynjaímyndir og kynhegðun. Fræðslan verður að styðja við það jafnréttisstarf sem unnið er í skólanum en ekki gegn því. Hafa verður í huga að slíkar heimsóknir eru engan veginn nóg eða fullnægjandi til að uppfylla kröfur um vandaða kyn- og kynjafræðslu og jafnréttismenntun í víðara samhengi, væntingar nemenda og siðferðis- og lagalegar skyldur skólakerfisins eru meiri en svo.“

Það er væntanlega „jafnréttisnæmi,“ þegar konur öskra út á sjó eða á torgum um vansældina, og óréttlætið, sem þær búa við – ekki síst hið kynferðislega óréttlæti og ofbeldi. Það er væntanlega jafnréttisnæmi, að dómamarar skuli ekki umyrðalaust leggja trúnað á sakargiftir þeirra um nauðgun. Og svo mætti lengi telja.

Það er sömuleiðis áhugavert að lesa um aðkeypta kynjafræðikennslu í skólum. „Aðferðafræði og málflutning“ þarf að grandskoða. Hverjir ætli veljist til þeirra starfa? Í Ráðstjórnarríkjunum sálugu hétu þessir eftirlitsmenn og túlkendur hugmyndafræðinnar, „kommisarar.“

Í væntanlegum tillögum fyrrnefnds starfshóps undir forystu hins hálfþrítuga laganema, Sólborgar Guðbrandsdóttur, hvatamanni síðustu „me-too“ bylgju og þolanda kynferðislegs ofbeldis mun „kommisara-kerfið,“ að vonum verða útlistað.

Íslenska skólakerfið er á hraðferð í átt að því fyrirkomulagi, sem víða gildir í Vesturheimi. Þar er víða svo í pottinn búið, að nemendur geta ekki einu sinni lokið háskólanámi, án þess að ljúka áfanga í kvenfrelsunarfræðum (gender studies). Þessi fræði eru kennd á öllum stigum náms í skólakerfinu vestra.

Konur og/eða kvenfrelsunarhreyfingin er nær allsráðandi við námsefnisgerð, í kennslu og uppeldi, við félagsmálastofnanir og barnavernd - og ekki síst í heilbrigðiskerfinu. Kvenfrelsarar gerast æ umsvifameiri í forustu ASÍ.

Eins og öllum mun kunnugt og kvenfrelsararnir hreykja sér af, eru lögin stöðugt sniðin að hugmyndafræði þeirra. Hugmyndirnar um feðraveldi og karlillsku hafa gripið Alþingismenn heljartökum. Formaður Sjálfstæðisflokksins, sem ber þunga ábyrgð á því, að VG drottningin, okkar eigin Katrín mikla, settist í stól forsætisráðherra. Hann segir kvenfrelsun að verulegu leyti ráðandi hugmyndafræði í störfum ríkisstjórnar og Alþingis.

Nú fara kosningar í hönd. Hvaða á karlaumingi, einlægur lýðræðis- og jafnréttissinni, að kjósa, dauðuppgefinn á íslenskum stjórnámálamönnum, dauðskelkaður við kvenfrelsunaröfgar (einkum barnabarnanna vegna), gerræðishyggju, aðför að lýðræðislegum réttindum, málfrelsi m.a., dómstól götunnar og félagsmiðla, múgsefjun og almenna sátt lýðsins við forræðishyggju. Ábendingar eru vel þegnar.

<https://www.visir.is/g/20212110487d/-hvað-i-fjandanum-er-eg-ad-gera-i-kynjafraedi-?fbclid=IwAR13CMeuJYwln9efG4yoz5VuidVePcXpcSof-8gwtQr0hFNmhrQNxOwcFMY>